

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, með síðari breytingum.

1. gr.

Við samþykktina bætist nýr viðauki 1.2, um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur, sem birtur er með samþykkt þessari.

2. gr.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 27. desember 2022.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafðís Gísladóttir.

VIÐAUKI 1.2

Um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

I. KAFLI

Grundvöllur.

1. gr.

Grundvöllur.

Samþykkt þessi er sett á grundvelli 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, hér eftir barnaverndarlög. Þar tilgreindum starfsmönnum Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur, hér eftir Barnavernd eða Barnavernd Reykjavíkur, er í reglum þessum falið umboð til könnunar, meðferðar og ákvarðanatöku í einstökum barnaverndarmálum og öðrum málum þar sem barnaverndarþjónusta fer lögum samkvæmt með ákvörðunarvald. Sé ekki sérstaklega mælt fyrir um það í samþykkt þessari hver hefur heimild til að taka ákvörðun f.h. Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur hefur hvor sem er framkvæmdastjóri eða skrifstofustjóri heimild til að taka slíka ákvörðun.

2. gr.

Skilgreining á hugtökum.

Deildarstjórar eru deildarstjórar teyma með starfsheitið deildarstjóri þjónustumiðstöðvar eða deildarstjóri Barnaverndar.

Framkvæmdastjóri er starfandi framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur á hverjum tíma.

Framkvæmdastjórn er samansett af framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra.

Lögfræðingur er lögfræðimenntaður starfsmaður Barnaverndar Reykjavíkur með starfsheitið lögfræðingur 3, lögfræðingur 4 eða lögfræðingur 5.

Meðferðarfundur er fundur teymis þar sem fram fara umræður um einstök mál, sjónarmið fagaðila, barna og foreldra eru ígrunduð og lagt mat á stefnu máls. Meðferðarfundir eru að jafnaði haldnir vikulega.

Ráðgjafi er starfsmaður sem starfar á skrifstofu ráðgjafar í teymi sem telst sérhæft starfsfólk í skilningi 3. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga. Þetta eru starfsmenn með eftirfarandi starfsheiti: félagsráðgjafi Barnaverndar eða ráðgjafi Barnaverndar.

Skrifstofustjóri er skrifstofustjóri ráðgjafar í barnavernd eða skrifstofustjóri lögfræði og stjórn-sýslu.

Starfsmaður er starfsmaður Barnaverndar Reykjavíkur.

Teymi eru teymi ráðgjafa hjá Barnavernd Reykjavíkur. Teymin eru: Bráða- og viðbragðsteymi, könnunar- og meðferðarteymi yngri barna, könnunar- og meðferðarteymi eldri barna, könnunar- og meðferðarteymi barna af erlendum uppruna og ofbeldismála- og fósturteymi.

Úthlutunarfundur er vikulegur fundur skrifstofustjóra og deildarstjóra bráða- og viðbragðsteymis þar sem teknar eru ákvarðanir um könnun máls og úthlutun tiltekinna mála til starfsmanna. Í fjarveru deildarstjóra bráða- og viðbragðsteymis getur annar deildarstjóri setið fundinn fyrir hans hönd. Í fjarveru skrifstofustjóra getur framkvæmdastjóri eða deildarstjóri setið fundinn fyrir hans hönd.

3. gr.

Heimildir og umboð starfsmanna.

Í forföllum eða fjarveru framkvæmdastjóra leysir skrifstofustjóri framkvæmdastjóra af. Í forföllum eða fjarveru skrifstofustjóra leysir framkvæmdastjóri hann af nema framkvæmdastjóri feli tilteknum deildarstjóra umboð skrifstofustjóra meðan á fjarveru stendur.

4. gr.

Starfslið.

Framkvæmdastjóri ræður starfslið Barnaverndar eða veitir skrifstofustjóra eða deildarstjórum umboð til þess í einstökum ráðningum.

Framkvæmdastjóra er heimilt að semja við stofnanir, svo sem á sviði félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu, um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu.

Framkvæmdastjóra er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu og meðferð mála eftir því sem þörf er á hverju sinni innan heimilda barnaverndarlaga og sveitarstjórnarlaga hverju sinni. Þá er framkvæmdastjóra heimilt að semja við utanaðkomandi aðila um rekstur vistheimila eða sambýla á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga.

5. gr.

Valdsvið og samstarf barnaverndarþjónusta.

Deildarstjóri getur samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í þeirra umdæmi þó barn hafi fasta búsetu í Reykjavík. Sömuleiðis getur deildarstjóri samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í umdæmi Barnaverndar Reykjavíkur þó barn hafi fasta búsetu annars staðar. Að öðru leyti fer um þessi mál samkvæmt 15. gr. barnaverndarlaga, með síðari breytingum.

Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun vegna barns sem statt er í Reykjavík en hefur fasta búsetu annars staðar getur ráðgjafi, í samráði við deildarstjóra, án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga, framkvæmt hana. Starfsmaður skal án tafar tilkynna viðkomandi barnaverndarþjónustu um málið, sem skal taka málið til meðferðar og taka allar frekari ákvarðanir.

II. KAFLI

Upphaf og könnun barnaverndarmáls.

6. gr.

Nafnleynd.

Tilkynnandi skv. 16. gr. barnaverndarlaga skal njóta nafnleyndar gagnvart öðrum en Barnavernd Reykjavíkur, óski hann þess, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Óski aðili máls eftir afléttingu á nafnleynd getur lögfræðingur, skrifstofustjóri eða framkvæmdastjóri tekið ákvörðun um slíka beiðni.

Ef rökstuddur grunur er um að tilkynnandi hafi vísvitandi komið á framfæri rangri eða villandi tilkynningu getur skrifstofustjóri tekið ákvörðun um að aflétta nafnleyndinni. Ef tekin er ákvörðun um að aflétta nafnleynd getur skrifstofustjóri óskað lögreglurannsóknar á meintu broti gegn 96. gr. barnaverndarlaga.

7. gr.

Ákvörðun um könnun máls.

Þegar tilkynning berst skal starfsmaður taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til að vísa máli til úthlutunarfundar til ákvarðanatöku eða hvort ekki sé ástæða til að hefja könnun.

Skrifstofustjóri og deildarstjóri bráða- og viðbragðsteymis taka ákvörðun á úthlutunarfundi um að hefja könnun máls. Ákvörðun um að hefja könnun máls skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til.

Skrifstofustjóri og deildarstjóri bráða- og viðbragðsteymis taka ákvörðun um hvort fresta eigi tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna, sbr. 3. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga.

Ef brýna nauðsyn ber til hefur ráðgjafi, að höfðu samráði við deildarstjóra, heimild til að hefja könnun án þess að úthlutunarfundur hafi fjallað um málið.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls úthlutar deildarstjóri málinu í vinnslu til ráðgjafa.

8. gr.

Úthlutun annarra mála.

Mál sem heyra undir Barnavernd Reykjavíkur en eru ekki unnin á grundvelli V. kafla barnaverndarlaga skal deildarstjóri úthluta í vinnslu til starfsmanna.

9. gr.

Skipan talsmanns.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls skal ráðgjafi að höfðu samráði við deildarstjóra taka afstöðu til þess í bókun hvort þörf sé á að skipa barni talsmann.

10. gr.

Könnun máls.

Ráðgjafi sem fer með könnun máls sér um að afla upplýsinga í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða, leita aðstoðar sérfræðinga og óska eftir þjónustu Barnahúss eftir því sem við á, sbr. 22. gr. barnaverndarlaga. Hann leitast við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við forsjáradila, þó ætíð með hagsmuni barns að leiðarljósi. Ráðgjafi fer með þær rannsóknarheimildir sem mælt er fyrir um í 43. gr. barnaverndarlaga. Ráðgjafi tekur þátt í samþættingu þjónustunnar frá upphafi barnaverndarmáls ef fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns.

Ráðgjafi og deildarstjóri taka ákvörðun um lokun máls eftir könnun, sbr. 1. mgr. 23. gr.

Ráðgjafi og deildarstjóri taka ákvörðun um áframhaldandi vinnslu máls með tillögu að meðferðar-áætlun, sbr. 23. gr., að höfðu samráði á meðferðarfundi.

11. gr.

Lögreglurannsókn.

Ef grunur leikur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni tekur ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og skrifstofustjóra ákvörðun um að óska lögreglurannsóknar. Leita skal samþykkis forsjáradila sem hefur barn í sinni umsjá og hafa samráð við barn eftir atvikum. Framkvæmdastjóri skal upplýstur um að máli hafi verið vísað í lögreglurannsókn.

12. gr.

Neyðarráðstafanir.

Ef vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun sem heyrir undir Barnavernd Reykjavíkur getur ráðgjafi að höfðu samráði við deildarstjóra og með samþykki framkvæmdastjóra eða skrifstofustjóra ef ekki næst í framkvæmdastjóra, framkvæmt hana án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga.

Ráðgjafi að höfðu samráði við deildarstjóra getur tekið ákvörðun um neyðarráðstöfun gagnvart barni sem er 15 ára eða eldra, með samþykki forsjáradila. Framkvæmdastjórn skal gert viðvart um neyðarráðstöfun svo skjótt sem auðið er.

Við aðstæður þær sem 1. mgr. 31. gr. barnaverndarlaga lýsir er ráðgjafa heimilt, að höfðu samráði við deildarstjóra og með samþykki framkvæmdastjóra eða skrifstofustjóra ef ekki næst í framkvæmdastjóra, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr. að fara inn á heimili, enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

III. KAFLI

Ráðstafanir barnaverndarþjónustu.

13. gr.

Áætlun um meðferð máls.

Ráðgjafi, í samvinnu við forsjáraðila og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, skal gera skriflega áætlun um meðferð máls og undirritar áætlunina f.h. Barnaverndar Reykjavíkur.

Ráðgjafi skal gera einhliða áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða, náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 4. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga.

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra tekur ákvörðun um lokun máls þegar áætlun rennur út eða meðan meðferðaráætlun er í gangi ef aðstæður barns verða viðunandi eða ekki er af öðrum ástæðum þörf á áframhaldandi vinnslu á grundvelli barnaverndarlaga.

14. gr.

Framkvæmd meðferðaráætlunar.

Ráðgjafi skal sjá um alla framkvæmd meðferðaráætlunar. Hann skal koma á þeim stuðningi sem þar er mælt fyrir um og þörf er á, þar á meðal samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns. Hann skal meta þörf á samstarfi við aðra aðila sem veitt gætu stuðning eða vinna í málum barnsins og koma á slíku samstarfi sé þess þörf. Ráðgjafi getur, með samþykki foreldra, beitt þeim úrræðum sem kveðið er á um í 24. og 26. gr. barnaverndarlaga, sbr. einnig 10. gr. reglugerðar nr. 652/2004.

15. gr.

Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns.

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra getur, með samþykki foreldra og barns sem náð hefur 15 ára aldri, mælt fyrir um að:

- a. Barnavernd Reykjavíkur taki við forsjá eða umsjá barns og ráðstafað barni í fóstur,
- b. Barnavernd Reykjavíkur taki við forsjá eða umsjá barns og visti barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leiti annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla barnaverndarlaga til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings.

Ákvörðun um að taka við forsjá eða umsjá barns, sbr. a- og b-lið skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

Ákvörðun um að taka við forsjá og ákvörðun um vistun eða fóstur sem varir í eða ætlað er að vara samfellt í 6 mánuði eða lengur skal staðfest af framkvæmdastjórn.

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra getur ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að ungmenni verður 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Að jafnaði skal ákvörðun tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi. Ungmenni getur skotið synjun, um að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að viðkomandi verður 18 ára, til úrskurðarnefndar velferðarmála.

16. gr.

Vinnsla máls meðan vistun og fóstur varir.

Þegar fyrir liggur ákvörðun um vistun eða fóstur barns skal ráðgjafi fara með alla vinnslu máls á meðan vistun eða fóstur varir. Í því felst m.a. að sækja um vistun á meðferðarheimili á vegum Barna- og fjölskyldustofu, gera vistunarsamning á grundvelli 80. gr. barnaverndarlaga, sækja um vistun/fóstur á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga, ganga frá áætlun um að tryggja umsjá barns á grundvelli 25. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 33. gr. barnaverndarlaga, koma á stuðningi við barn og/eða vistunaraðila, hafa frumkvæði að umgengni við nákomna eftir því sem þörf er á og gera umgengnissamning, fylgja eftir áætlun um meðferð og vistun barns, meta tímanlega árangur af fóstri eða vistun áður en henni lýkur og þörf á beitingu frekari úrræða.

17. gr.

Úrræði án samþykkis foreldra.

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra, að höfðu samráði við lögfræðing og framkvæmdastjórn, tekur ákvörðun með bókun um að fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið kveði upp úrskurð gegn vilja foreldra og barns sem er 15 ára eða eldra í samræmi við 26. - 29. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

18. gr.

Úrræði vegna ófæddra barna.

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra, að höfðu samráði við lögfræðing og framkvæmdastjórn, tekur ákvörðun um að sett skuli fram krafa fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings samkvæmt ákvæðum lögræðislaga, í samræmi við 2. mgr. 30. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

19. gr.

Endurskoðun ráðstafana.

Ráðgjafi og deildarstjóri taka afstöðu til beiðni um endurskoðun ráðstafana í samræmi við 2. mgr. 34. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi og skal kynnt framkvæmdastjórn.

20. gr.

Brottvikning heimilismanns og nálgunarbann.

Ráðgjafi og deildarstjóri taka ákvörðun um að setja fram beiðni til lögreglu í samræmi við 37. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi og skal kynnt framkvæmdastjórn.

21. gr.

Fyrirsvar fyrir dómi.

Framkvæmdastjóri fer með fyrirsvar fyrir Barnavernd Reykjavíkur fyrir dómi. Ráðgjafi og deildarstjóri, að höfðu samráði við lögfræðing Barnaverndar Reykjavíkur, taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi, svo sem hvort afla eigi dómkvaddis mats, kæru og áfrýjun mála til æðri dómstóla o.s.frv. Ákvarðanir um sættir eða að falla frá máli skulu staðfestar af framkvæmdastjóra eða skrifstofustjóra í hans fjarveru.

IV. KAFLI

Ráðstöfun barna í fóstur.

22. gr.

Fóstur.

Ráðgjafi og deildarstjóri taka ákvörðun um að ráðstafa barni í fóstur í samræmi við XII. kafla barnaverndarlaga þegar fyrir liggja þær aðstæður sem mælt er fyrir um í 65. gr. barnaverndarlaga og 2. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Ráðgjafi og deildarstjóri, að höfðu samráði á meðferðarfundi, taka ákvörðun um þau atriði sem mæla skal fyrir um í fóstursamningi, svo sem forsjáarskyldur fósturforeldra, fósturtíma, greiðslur til fósturforeldra, umgengni í fóstur, stuðning við barn og fósturforeldra og annað sem máli skiptir.

23. gr.

Beiðni um fósturheimili og val á fósturforeldrum.

Ráðgjafi sendir beiðni um fósturheimili til Barna- og fjölskyldustofu í samræmi við 15. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá í samráði við Barna- og fjölskyldustofu, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Ráðgjafi undirbýr barn undir viðskilnað við foreldra. Ráðgjafi skal leita umsagnar forsjárlaus foreldris áður en barni er ráðstafað í fóstur.

24. gr.

Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns.

Ef aðeins annað kynforeldra fer með forsjá barns þegar úrskurður eða svipting á sér stað eða foreldri sem fer eitt með forsjá afsalar sér umsjá eða forsjá til Barnaverndar Reykjavíkur getur ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og að höfðu samráði á meðferðarfundi tekið ákvörðun um að ráðstafa barni til hins foreldrisins.

Með ákvörðun ráðgjafa og deildarstjóra, að undangengu samráði á meðferðarfundi, sem staðfest skal af framkvæmdastjórn er heimilt, ef hagsmunir barns eru taldir best tryggðir með þeim hætti, að afsala forsjá þess til hins kynforeldrisins.

25. gr.

Réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða.

Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjá, afsalar sér umsjá barns skv. 25. gr. eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun utan heimilis skv. 27. eða 28. gr. tekur ráðgjafi með samþykki deildarstjóra ákvörðun um að hitt foreldrið taki við umsjá þess.

Að höfðu samráði við meðferðarfund og með samþykki deildarstjóra og ef það er talið barni fyrir bestu getur ráðgjafi tekið ákvörðun um að aðrir taki við umsjá en hitt foreldrið.

26. gr.

Fóstursamningur.

Þegar fóstur barns hefur verið samþykkt skal ráðgjafi ganga frá fóstursamningi og undirrita f.h. Barnaverndar Reykjavíkur.

Ef breytingar verða á högum fósturforeldra á fósturtíma skal ráðgjafi meta hvort þörf sé á að endurskoða fóstursamning í samræmi við 77. gr. barnaverndarlaga. Ef þörf er á endurskoðun fóstursamnings taka ráðgjafi og deildarstjóri ákvörðun með bókun þar um, að undangengnu samráði á meðferðarfundi. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra getur ráðgjafi með samþykki deildarstjóra með rökstuddum úrskurði breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi. Úrskurður er kæránlegur til úrskurðarnefndar velferðarmála.

27. gr.

Greiðslur til fósturforeldra.

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um fjárhæð fósturlauna í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Fósturforeldrar geta óskað eftir endurskoðun á fjárhæð fósturlauna ef þeir telja að umönnunarþörf barns hafi breyst frá því að fóstursamningur var gerður. Ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um greiðslur í styrktu fósturi með Barna- og fjölskyldustofu, í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 858/2013.

Sé fjárhæð fósturlauna eða greiðslur í styrktu fósturi hærri en sem nemur 25 földu meðlagi þarf framkvæmdastjórn að samþykkja slíka ákvörðun.

Fari fósturforeldrar fram á greiðslur á ófyrirséðum kostnaði með rökstuddri beiðni í samræmi við 8. gr. reglugerðar nr. 858/2013 skal ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi taka afstöðu til beiðinnar með rökstuddri bókun. Sú ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

28. gr.

Slit fóstursamnings.

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um að breyta fóstursamningi eða fella hann úr gildi, eins og mælt er fyrir um í 32. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra þar um geta ráðgjafi og deildarstjóri með samþykki skrifstofustjóra breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi með rökstuddum úrskurði.

29. gr.

Framfærsluskýlda foreldra.

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um hvort krafa verði gerð á foreldra um greiðslu framfærslueyris, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 858/2013 með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Með sömu sjónarmiðum getur ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi ákveðið að aðstoða foreldra við kostnað vegna umgengni við barn í fóstri að hluta eða öllu leyti. Ef ekki næst samkomulag skal afgreiða málið með rökstuddri bókun.

30. gr.

Umgengni í fóstri.

Við ráðstöfun barns í fóstur skal ráðgjafi hafa frumkvæði að því að gera tillögur um umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna þegar það á við. Leitast skal við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja og ganga frá skriflegum samningi um fyrirkomulag umgengninnar, að undangenginni bókun meðferðarfundar.

Ef ekki næst samkomulag um umgengni getur ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og að höfðu samráði á meðferðarfundi og við framkvæmdastjórn gert tillögu um að umdæmisráð barnaverndar úrskurði um ágreiningsefni er varða umgengni barns við foreldra eða nákomna í samræmi við 74. og 81. gr. barnaverndarlaga.

31. gr.

Leyndur dvalarstaður.

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um hvort halda eigi dvalarstað barns leyndum og kynnir aðila máls þá ákvörðun sína. Aðili máls getur borið þá ákvörðun undir umdæmisráð barnaverndar sem kveður upp úrskurð í samræmi við 7. mgr. 74. gr. og 8. mgr. 81. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal kynnt framkvæmdastjórn til staðfestingar.

V. KAFLI

Málsmeðferð barnaverndarmála.

32. gr.

Aðgangur að gögnum máls.

Ráðgjafi með samþykki deildarstjóra og að höfðu samráði við lögfræðing, tekur ákvörðun um að takmarka aðgang aðila að tilteknum gögnum máls í samræmi við 2. mgr. 45. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal kynnt framkvæmdastjórn til staðfestingar.

33. gr.

Aðstoð lögmanns.

Framkvæmdastjórn samþykkir reglur um greiðslur fjárstyrks til að greiða fyrir lögmannsaðstoð, sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga.

Lögfræðingur tekur ákvörðun um greiðslu fjárstyrks á grundvelli 47. gr. barnaverndarlaga og í samræmi við reglur Barnaverndar Reykjavíkur um greiðslur fjárstyrks.

VI. KAFLI

Úrræði á ábyrgð sveitarfélaga.

34. gr.

Sumardvöl á vegum Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur.

Starfsmenn skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð umsókna um sumardvöl á vegum Barnaverndar Reykjavíkur, sbr. IV. kafla reglugerðar nr. 652/2004. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Að því loknu skal ráðgjafi með samþykki deildarstjóra afgreiða umsóknina með bókun.

35. gr.

Stuðningsfjölskyldur.

Starfsmenn skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð umsókna um að gerast stuðningsfjölskylda á vegum Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur, sbr. VI. kafla reglugerðar nr. 652/2004. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Deildarstjóri afgreiðir umsókn með bókun og afgreiðir leyfi.

36. gr.

Heimili og önnur úrræði á vegum Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur.

Starfsmenn skulu sjá um að útbúa umsóknir, afla leyfa, gera samninga við vistunaraðila skv. 5. gr. reglugerðar nr. 652/2004, hafa samskipti við Barna- og fjölskyldustofu og aðra aðila vegna þeirra úrræða sem fjallað er um í VII. kafla reglugerðar nr. 652/2004.

37. gr.

Útvistun mála samkvæmt þessum kafla.

Framkvæmdastjóri getur gert samninga við starfseiningar eða stofnanir Reykjavíkurborgar til að sjá um afgreiðslu umsókna, gerð umsagna, öflun leyfa, gerð greinargerða, gerð samninga og annað sem til þarf vegna úrræða á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt þessum kafla og reglugerð nr. 652/2004.

VII. KAFLI

Umsagnarmál.

38. gr.

Umsagnir samkvæmt ættleiðingarlögum nr. 130/1999.

Ráðgjafi annast könnun mála vegna umsagnar Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur um ættleiðingar skv. 16. gr. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999 og gengur frá umsögn með samþykki deildarstjóra.

VIII. KAFLI

Endurupptaka.

39. gr.

Endurupptaka mála.

Beri aðili fram kvörtun vegna afgreiðslu Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur samkvæmt viðauka þessum, skal leiðbeina honum um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar hjá framkvæmdastjóra Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur með hliðsjón af 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Telji framkvæmdastjórinn að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal Barnaverndarþjónusta Reykjavíkur taka málið upp að nýju.